

Fimmtudaginn 31. október 1991.

Nr. 120/1990. **Árni Þorsteinsson**

(Sveinn Snorrason hrl.)

gegn

Þrotabúi Trésmiðjunnar Vinkils sf.,

Þrotabúi Erlings Þorsteinssonar og

Þrotabúi Árna Þorsteinssonar

(Viðar Már Matthíasson hrl.).

Gjaldþrot. Sameignarfélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 14. mars 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 12. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði, að því er hann varðar, felldur úr gildi og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, og beri málskostnaður dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

I.

Hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp hinn 6. nóvember 1989 í skiptarétti Akureyrar af Arnari Sigfússyni, fulltrúa bæjarfógeta. Úrskurðurinn er án forsendna, en úrskurðarorð hljóðar svo:

„Bú Vinkils sf., kt. 470775-0769, og sameigenda þess, þeirra Erlings Þorsteinssonar, kt. 241048-3149, Klettagerði 4, Akureyri, og Árna Þorsteinssonar, kt. 220345-4409, Kambagerði 3, Akureyri, eru tekin til gjaldþrotaskipta.“

II.

Fram kemur í gögnum málsins, að Trésmiðjan Vinkill sf. hóf starfsemi á Akureyri 1975, og voru eigendur fyrirtækisins Erlingur

Þorsteinsson og Guðlaugur Arason. Samkvæmt tilkynningu til firmaskrár Akureyrar 30. desember 1980, sem skráð var þar 22. janúar 1981, hafði hinn síðarnefndi gengið úr fyrirtækinu 1. janúar 1978, en áfrýjandi máls þessa, Árni Þorsteinsson, komið í hans stað. Segir í tilkynningunni, að áfrýjandi og Erlingur beri „ótakmarkaða ábyrgð, einn fyrir báða og báðir fyrir einn, á félaginu frá sama tíma“. Jafnframt var firmaskrá afhentur félagssamningur áfrýjanda og Erlings, dagsettur 30. desember 1980.

Í 2. gr. samningsins segir: „Ágóða og halla af atvinnurekstrinum skiptum við í hlutföllunum 50/100, en gagnvart lánardrottnum ábyrgjumst við skuldir félagsins, einn fyrir báða og báðir fyrir einn.“

Efni 3. gr. samningsins er svohljóðandi: „Hvor okkar um sig hefur heimild til að rita firmað. Þó þarf samþykki okkar beggja til að lána eða láta af hendi peninga eða aðrar eignir félagsins nema að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að veita viðskiptavinum greiðslufrest skv. almennum viðskiptavenjum. Hvorugum okkar er heimilt - án samþykkis hins - að skuldbinda firmað með víxiláritunum eða á annan hátt sem ábyrgðarmaður fyrir skuldum annarra, nema ábyrgðin standi í beinu sambandi við viðskipti félagsins eða sé afleiðing af þeim. Á sama hátt þarf samþykki okkar beggja til að selja eða veðsetja eignir, sem félagið á eða kann að eignast, til að kaupa slíkar eignir og til að ráða starfsfólk að fyrirtækinu.“

Um aðdraganda þessa samnings hafa þeir skýrt svo frá í meginatriðum Erlingur Þorsteinsson og áfrýjandi, að hinn fyrrnefndi hafi óskað þess við bróður sinn, áfrýjanda, að hann gerðist að forminu til aðili að rekstri fyrirtækisins í nokkra mánuði, meðan lokið væri verkefnum og skattskilum. Hafi Erlingur þá verið búinn að ákveða að hætta rekstri og hefja störf annars staðar og ætlun þeirra verið sú, að samningurinn gildi aðeins nokkra mánuði og yrði síðan úr gildi felldur. Það hafi gengið eftir, að Erlingur lauk verkefnum sínum, seldi búnað verkstæðisins og hóf störf hjá öðrum aðila. Var reikningsuppgjóri og skattskýrslu vegna fyrirtækisins skilað. Hins vegar fórst fyrir að láta afmá firmað úr firmaskrá. Kveðst áfrýjandi hafa talið, að félaginu væri slitid, eftir að hann hafði áritað reikninga þess fyrir árið 1980.

Erlingur Þorsteinsson starfaði því næst hjá öðru fyrirtæki á

fimmta ár eða þar til það fyrirtæki hætti starfsemi sinni á árinu 1985, að hann minnr. Keypti hann þá trésmíðavélar þess, tók á leigu húsnæði og hóf rekstur trésmíðafyrirtækis með samstarfsmönnum sínum undir nafninu Trésmíðaverkstæðið Vinkill. Kveðst hann hafa byrjað að nota skammstöfunina sf. á árinu 1986 eða 1987. Taldi Erlingur þetta þó vera einkafyrirtæki sitt, en hugmynd hans var sú að stofna síðar hlutafélag um reksturinn.

Áfrýjandi taldi þennan rekstur sér að öllu leyti óviðkomandi. Í skýrslu, dagsettri 21. janúar 1991, sem áfrýjandi staðfesti fyrir skiptarétti Akureyrar sama dag, segir hann svo:

„Það er svo ekki fyrr en á árinu 1989, að fyrir mér voru birtar nokkrar stefnur vegna skuldbindinga Vinkils sf. Þar sem mér var með öllu óskiljanlegt, hvers vegna slíkar stefnur voru birtar á hendur mér og gerðar kröfur til þess, að ég yrði dæmdur til greiðslu þeirra, og fór því (sic) til bókhaldara eða gjaldkera fyrirtækisins til þess að beiðast skýringar á þessu. Hann fullvissaði mig hins vegar um það, að þessar kröfur væru mér með öllu óviðkomandi, ég þyrfti ekki að hafa áhyggjur af þeim, þær yrðu greiddar, og jafnframt staðfesti hann það við mig, að fyrirhugað væri að breyta því rekstrarformi sem Erlingur hefði haft á fyrirtækinu, og reka það framvegis í hlutafélagsformi. Yrði endanlega gengið frá hlutafélagsstofnuninni, strax þegar ársreikningar félagsins fyrir árið 1988 eða eitthvert milliuppgjör lægi fyrir, en ég þyrfti ekki að hafa áhyggjur af því, því að skuldbindingar þær, sem stefnt hafði verið út af, væru eingöngu vegna rekstrarins og mér með öllu óviðkomandi.“

Fyrir liggur í málinu, að áfrýjanda voru sumarið og haustið 1989 birtar áskorunarstefnur á hendur honum persónulega og f.h. Trésmíðjunnar Vinkils sf., en ekki var mætt af hans hálfu, er málin voru tekin fyrir á bæjarþingi Akureyrar, og voru stefnurnar áritaðar um aðfararhæfi.

III.

Hinn 3. nóvember 1989 undirritaði Erlingur Þorsteinsson bréf til bæjarfógetans á Akureyri, sem móttakið var þar hinn sama dag. Þar segir:

„Fyrir hönd sameignarfélagsins Vinkils sf., kt. 470775-0769, Klettagerði 4, Akureyri, Erlings Þorsteinssonar, kt. 241048-3149,

Klettagerði 4, Akureyri, og Árna Þorsteinssonar, kt. 210345-4409, Kambagerði 3, Akureyri, óskum við hér með eftir því, að bæjarfógetinn á Akureyri taki bú ofantalinna aðila til gjaldþrotaskipta.“

Með bréfi þessu fylgdu milliuppgjör fyrirtækisins pr. 30. september 1989 og ársreikningur þess 1988. Voru gögn þessi unnin af Lilju Steinþórsdóttur, löggiltum endurskoðanda. Samkvæmt milliuppgjörinu var eiginfjárstaða fyrirtækisins hinn 30. september 1989 neikvæð um 41.096.667 krónur, en hafði verið neikvæð um 23.639.607 krónur í árslok 1988. Tap á rekstri fyrirtækisins á fyrrgreindu tímabili, 1989, nam 13.760.062 krónum, en 7.961.011 krónum á árinu 1988. Þegar Lilja Steinþórsdóttir kom fyrir skiptarétt Akureyrar 21. janúar 1991, var hún spurð að því, hvort fyrirtækið hefði hinn 3. nóvember 1989 getað staðið í skilum við lánardrottna sína og greitt gjaldfallnar skuldir. Kvað hún svo ekki hafa verið.

Fram er komið í málinu, að Erlingur Þorsteinsson mætti með ofangreind gögn á skrifstofu bæjarfógeta föstudaginn 3. nóvember 1989 ásamt Lilju Steinþórsdóttur. Var ákveðið, að gjaldþrotabeiddin yrði tekin fyrir mánudaginn 6. nóvember, og Erlingi jafnframt tjáð, að áfrýjandi yrði einnig að mæta.

Skiptaréttur Akureyrar var síðan haldinn mánudaginn 6. nóvember í dómsal bæjarfógetaembættisins, og var mál þetta þá tekið fyrir. Voru í upphafi lögð fram áðurgreind skjöl, þingmerkt nr. 1 - 3. Síðan er bókað:

„Mættir eru eigendur Vinkils sf., þeir Erlingur Þorsteinsson ... og Árni Þorsteinsson... Einnig er mætt Lilja Steinþórsdóttir, löggiltur endurskoðandi.

Gætt er leiðbeiningarskyldu.

Mættu lýsa því báðir yfir, að þeir telji ekki annað fært en gefa bú sín upp til gjaldþrotaskipta.

Leggja þeir málið í úrskurð.“

Var síðan kveðinn upp hinn áfrýjaði úrskurður, en að því loknu voru skrifaðar upp eignir Trésmiðjunnar Vinkils sf., eignir Erlings Þorsteinssonar og áfrýjanda. Undirrituðu síðan öll viðstödd bókunina.

IV.

Samkvæmt greinargerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti byggir hann kröfur sínar einkum á því, að skiptaráðandi hafi enga tilraun gert

til þess að kanna raunverulega eignastöðu aðila málsins, áður en hinn forsendulausi gjaldþrotaúrskurður var kveðinn upp. Bókfærð eiginfjárstaða Trésmiðjunnar Vinkils sf. 30. september 1989 hafi verið neikvæð um liðlega 41 milljón króna. Það segi hins vegar ekkert um raunverulegt verðmæti eigna. Telur hann, að miðað við þær skýringar, sem fyrir liggja með reikningum, hafi eiginfjárstaða Erlings Þorsteinssonar og fyrirtækisins verið jákvæð um liðlega 17 milljónir króna. Ef eignum áfrýjanda væri bætt þar við, verði eiginfjárstaða þeirra, sem úrskurðurinn tók til, jákvæð um rúmlega 32 milljónir króna. Einnig telur hann, að legið hafi fyrir við fyrirtöku málsins 6. nóvember 1989, að Erlingur Þorsteinsson rak fyrirtækið sem einkafyrirtæki, og hafi áfrýjandi aldrei með nafnritun sinni tekið á sig ábyrgð vegna þess. Þá er á því byggt, að áfrýjandi hafi engra leiðbeininga notið af hálfu skiptaráðanda, er málið var tekið fyrir, og gjaldþrotabeidnin hafi verið sett fram án vitundar hans. Þá séu ýmsar ráðstafanir skiptaráðanda og/eða bústjóra eftir uppkvaðningu úrskurðarins bæði ámælisverðar og andstæðar ákvæðum gjaldþrotalaga.

Af hálfu stefndu er mótmælt sem röngum hugleiðingum áfrýjanda um, að eignir Trésmiðjunnar Vinkils sf. og eigenda hennar hafi verið meiri en skuldir. Er því haldið fram, að samkvæmt a-lið 1. mgr. 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 hafi skiptaráðanda borið að taka bú fyrirtækisins og eigenda þess persónulega til gjaldþrotaskipta, þar sem fram hafi komið krafa um það af hálfu þess, sem sá um reksturinn. Hafi hann talið, að fyrirtækið gæti ekki staðið í skilum við lánardrottna þess, þegar kröfur þeirra féllu í gjalddaga. Hafi fyrirtækið og eigendur þess notið aðstoðar og ráðgjafar lög-gilts endurskoðanda í þessum efnum. Þá er einnig á því byggt, að áfrýjandi beri með Erlingi Þorsteinssyni óskipta og solidariska ábyrgð á skuldbindingum sameignarfélagsins.

V.

Trésmiðjan Vinkill sf. var frá því í ársbyrjun 1981 skráð sameignarfélag áfrýjanda og Erlings Þorsteinssonar, og er áður gerð grein fyrir þeirri ábyrgð, sem áfrýjandi tókst á hendur samkvæmt tilkynningu til firmaskrár Akureyrar og félagssamningi. Engin breyting varð á skráningu í firmaskrá, og verður ekki talið, að hlé á rekstri undir nafni fyrirtækisins í nokkur ár skipti hér máli. Við-

skiptamenn fyrirtækisins hlutu að byggja á þessari skráningu, og það mátti áfrýjanda vera ljóst. Verður við það að miða, að ábyrgð áfrýjanda gagnvart fyrirtækinu hafi verið óbreytt hinn 6. nóvember 1989.

Ekki þykja efni til annars en að byggja á bókun þeirri, sem færð var í skiptabók 6. nóvember 1989 og undirrituð var af öllum viðstöddum, þar á meðal áfrýjanda.

Þegar ofanritað er haft í huga og jafnframt litið til þeirra gagna, sem lögð voru fyrir skiptaráðanda, verður að telja samkvæmt a-lið 1. mgr. og 3. mgr. 13. gr., 14. gr., 1. og 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. gjaldþrotalaga, að skilyrði hafi verið til uppkvaðningar hins áfrýjaða úrskurðar. Heimilt var að hafa úrskurðinn forsendulausan, sbr. 3. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988.

Ekki eru efni til að taka afstöðu í þessu máli til ýmissa atriða varðandi skiptameðferðina sjálfa, sem áfrýjandi hefur fjallað um í málflutningi sínum fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, að því er áfrýjanda varðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður, að því er áfrýjanda, Árna Þorsteinsson, varðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
